

Háskóli í fremstu röð



HÁSKÓLI ÍSLANDS

www.hi.is

Háskólatorg
Velkomin
Welcome

Bóksala Stúdentanna
University Bookstore
Háma – Matsala
Háma – Cafeteria
Þjónusta við nemendur
Student Services

Efnisyfirlit

		FÉLAGSVÍSINDASVIÐ	15
		Félags- og mannvísindadeild	16
		Félagsráðgjafardeild	18
		Hagfræðideild	19
		Lagadeild	21
		Stjórn málafræðideild	22
		Viðskiptafræðideild	23
		HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ	25
		Hjúkrunarfræðideild	26
		Lyfjafræðideild	27
		Læknadeild	28
		Matvæla- og næringarfræðideild	29
		Sálfræðideild	30
		Tannlæknadeild	31
		HUGVÍSINDASVIÐ	33
		Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda	34
		Guðfræði- og trúarbragðafræðideild	35
		Íslensku- og menningardeild	36
		Sagnfræði- og heimspekideild	37
ÁVARP REKTORS	3	MENNTAVÍSINDASVIÐ	39
HÁSKÓLI Í FREMSTU RÖÐ	4	Íþrótt-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild	40
HÁSKÓLI ÍSLANDS 2009–2010	4	Kennaradeild	40
HÁSKÓLAUMHVERFIÐ	6	Uppeldis- og menntunarfræðideild	42
HÁSKÓLASAMFÉLAGIÐ – LIFANDI SAMFÉLAG	9	VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ	45
UMSÓKN UM NÁM Í HÁSKÓLA ÍSLANDS	11	Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild	46
YFIRLIT YFIR FRÆÐASVIÐ OG DEILDIR HÁSKÓLA ÍSLANDS	13	Jarðvísindadeild	48
SAGA HÁSKÓLA ÍSLANDS	59	Líf- og umhverfisvísindadeild	48
STAÐREYNDIR UM HÁSKÓLA ÍSLANDS	59	Rafmagns- og tölvuverkfræðideild	50
KORT AF HÁSKÓLASVÆÐINU	60	Raunvísindadeild	51
		Umhverfis- og byggingarverkfræðideild	52
		Meistaránám í verkefnastjórnun – MPM	53
		ÞVERFRÆÐILEGT FRAMHALDSNÁM	54
		Lýðheilsuvísindi	54
		Norrænt meistaránám í öldrunarfræðum	55
		Umhverfis- og auðlindafræði	57
		Upplýsingatækni á heilbrigðisviði	57



Ágæti lesandi



Meginhlutverk háskóla er að skapa nýjan skilning stúdenta á margflóknum veruleika, þroska og rökhugsun og auðga heimsmynd þeirra. Það hlutverk tekur Háskóli Íslands alvarlega og rækir af metnaði og alúð. Ungt fólk lítur á allan heiminn sem mennta- og atvinnuvettvang og sækir þangað sem best er að því búið. Þess vegna þarf Háskóli Íslands, nú sem fyrr, að vera alþjóðlegur háskóli og hann þarf að taka þátt í því að skapa ungu fólki tækifæri, heima sem að heiman. Þekkingin á sér engin landamæri og íslenskir háskólar verða að vera hluti af alþjóðlegu menntakerfi. Þar er Háskóli Íslands í forystuhlutverki. Framundan er aldarafmæli skólans og er unnið að undirbúningi afmælisársins 2011.

Hlutverk Háskóla Íslands er að veita nemendum menntun á heims-mælikvarða, veita þeim prófgráður sem standast alþjóðlegan samanburð, veita þeim aðgang að og beina þeim að nýrri þekkingu og kveðja þá sjálfsörugga og vel búna til virkrar þátttöku í þjóðfélaginu.

Við leggjum áherslu á að bæta nám og aðstöðu nemenda við Háskóla Íslands. Með opnun Háskólators er búið að skapa skólanum stórkostlega umgjörð til að sinna sínu mikilvægasta hlutverki. Í Háskólatorsi eru glæsilegir fyrirlestrarsalir, aðstaða til rannsókna, kennslustofur, tölvuver, lesrými og matsalur, þjónusta við stúdenta og starfsfólk. Jafnframt tengjast þessar

byggingar öðrum byggingum og gerbreyta notkunarmöguleikum þeirra. Með tilkomu Háskólatorsins hefur Háskóli Íslands eignast sína miðju og hjarta og þangað eru allir velkomnir.

Nú sem fyrr ætlar Háskóli Íslands að vera aflstöð sem knúið getur samfélagið upp úr öldudal og til nýrrar framfarasóknar í samvinnu við aðra. Því marki verður aðeins náð með því að standa vörð um stefnu Háskólans um framúrskarandi menntun, uppbyggingu vísindastarfs, stóreflingu rannsóknartengds framhaldsnáms, aukna nýsköpun í vísindum og stuðning við sprotafyrirtæki starfsmanna og nemanda.

Markmið Háskóla Íslands er að vera í fremstu röð háskóla og að nota alþjóðlega viðurkennda mælikvarða við allt gæðamat á starfi skólans. Við gerum miklar kröfur til sjálfra okkar, kennara, stjórnenda og annars starfsfólks. En við gerum líka miklar kröfur til nemenda okkar því við viljum tryggja að prófgráða frá Háskóla Íslands hafi á sér öruggan gæðastimpil og njóti trausts um allan heim.

Þetta markmið Háskólans verður styrkur þinn í framtíðinni.

Vertu hjartanlega velkominn í Háskóla Íslands.

Kristín Ingólfssdóttir
rektor Háskóla Íslands



Háskóli í fremstu röð

Háskóli Íslands hefur lagt grunninn að velferð Íslendinga og er styrkasti hornsteinn þekkingaruppbyggingar í íslensku samfélagi. Það getur skipt sköpum fyrir íslensku þjóðina að háskólanám og vísindastarf hérlendis sé á heimsmælikvarða. Þar gegnir Háskóli Íslands lykilhlutverki með skýrri stefnu um afburða-árangur í menntun, vísindum og nýsköpun.

Skýr markmið og framtíðarsýn

Til að þjóna sem best íslensku samfélagi hefur skólinn sett sér það langtíamarkmið að vera meðal 100 bestu háskóla í heimi og stefnir að því með þremur meginmarkmiðum: Framúrskarandi rannsóknnum, framúrskarandi kennslu og framúrskarandi stjórnun og stoðþjónustu.

Háskóli Íslands hefur skýra framtíðarsýn og skýra stefnu. Nemendur Háskóla Íslands hljóta framúrskarandi háskólamenntun og öðlast víðtæka þjálfun í gagnrýninni hugsun og sjálfstæðum vinnubrögðum. Þeir verða í forystu á flestum sviðum samfélagsins og leiðtogar í þekkingarsamfélagi framtíðarinnar.

Kennarar Háskólans geta sér gott orð á alþjóðavettvangi fyrir öflugt vísinda- og fræðastarf og laða til sín framúrskarandi íslenska og erlenda háskólanema. Skólinn verður drifjöður framþróunar í íslensku atvinnu- og þjóðlífi og nýtur trausts og virðingar innan lands og utan.

Kannanir hafa sýnt að ár eftir ár er Háskóli Íslands sú stofnun sem nýtur mests trausts á meðal íslensku þjóðarinnar, en um 90% Íslendinga treysta Háskóla Íslands best allra stofnana.

Háskóli Íslands 2009–2010

Víðtæk menntun – fjölbreytt nám

Við Háskóla Íslands eru fimm fræðasvið, deildir skólans eru 25 talsins og námsleiðirnar skipta hundruðum. Háskólinn býður fjölbreytt nám á öllum háskólastigum og sveigjanlegar námsleiðir. Háskóli Íslands er eini háskóli landsins sem býður grunnnám og framhaldsnám á öllum helstu fræðasviðum.

Rannsóknir og nýsköpun

Við Háskóla Íslands eru gerðar miklar kröfur um árangur í námi, kennslu og rannsóknnum. Kennarar skólans og nemendur í rannsóknatengdu framhaldsnámi stunda fjölbætta rannsóknir í nánnum tengslum við íslenskt samfélag og atvinnulíf. Það má með sanni segja að dag hvern fari fram öflugt nýsköpunar- og frumkvöðlastarf í Háskóla Íslands.

Kennarar í fremstu röð

Við Háskóla Íslands starfar stór hópur vel menntaðra og þjálfaðra kennara. Mikill meirihluti fastráðinna kennara er með doktorspróf og hefur stundað nám og rannsóknir við virta erlenda háskóla. Alþjóðleg tengsl kennaranna eru því sterk og margir þeirra eru í fremstu röð í sínum fræðum í alþjóðlegu vísindasamfélagi.

Alþjóðlegur skóli

Háskóli Íslands á samstarf við mörg hundruð virta, erlenda háskóla og rannsóknastofnanir um nemendaskipti, rannsóknir, starfsmannaskipti og fleira. Öllum nemendum Háskólans gefst kostur á að taka hluta af námi sínu við erlenda háskóla. Hundruð erlendra nemenda stunda nám við Háskóla Íslands ár hvert og fer þeim stöðugt fjölgandi. Við skólann starfar fjöldi erlendra gestakennara og vísindamanna og erlendir fyrirlesarar eru nær daglegir gestir. Háskólinn er því litríkt, alþjóðlegt og fjölbreytilegt samfélag.

Háskólaumhverfið

Háskóli Íslands er lifandi samfélag þar sem nemendur og kennarar vinna í sameiningu að því að efla vísindi og fræði. Háskólinn leggur kapp á að laða til sín hæfan og samstilltan hóp kennara og nemenda og bjóða þeim góða starfsaðstöðu. Í flestum byggingum er lesaðstaða, bókasafn og fjöldi tölvuvera. Þráðlaust net er í öllum byggingum Háskólans og geta nemendur tengst því hvar og hvenær sem er. Fjölpætt þjónusta er einnig í boði hvað varðar húsnæði, leikskólapláss, atvinnumiðlun og annað sem námsmenn þarfnast. Kraftmikið félagslíf er við allar deildir Háskólans og hagsmunasamtök stúdenta eru virk og öflug.

Háskólatorg – miðja Háskólans

Háskólatorg hýsir allar miðlægar þjónustustofnanir fyrir nemendur: Alþjóðaskrifstofu, Félagsstofnun stúdenta, Stúdentaráð, Nemendaskrá og Náms- og starfsráðgjöf og einnig Bóksölu stúdenta og veitingastaðinn Hámu. Þar eru auk þess tölvuver, lesrými, kennslustofur, skrifstofur og fundarherbergi. Á torginu sjálfu eru haldnar ýmsar skemmtilegar uppákomur og þar iðar allt af lífi frá morgni til kvölds.

Þjónustuborð í Háskólatorgi

Á þjónustuborðinu í Háskólatorgi er afgreiðsla fyrir allar þjónustueiningarnar sem eru í Háskólatorgi. Þar eru afgreidd ýmis vottorð og yfirlit yfir námsferla og þar má fá upplýsingar um nám, námsval, stúdentaskipti, húsnæði, réttindamál og margt fleira. Reiknistofnun Háskólans er einnig með útibú á þjónustuborðinu og þar geta nemendur t.d. fengið aðstoð við að tengjast Netinu og að prenta út. www.hi.is/is/skolinn/haskolatorg_thjonustubord

Náms- og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands hefur það meginhlutverk að veita nemendum skólans ráðgjöf og stuðning og stuðla þannig að árangri og velliðan í námi og starfi. Veitt er ráðgjöf um vinnubrögð í háskólanámi, persónuleg og sálfræðileg ráðgjöf, úrræði og ráðgjöf vegna fötlunar eða hömlunar og ráðgjöf í námsvali. Starfsfólk Náms- og starfsráðgjafar heldur fjölda gagnlegra námskeiða fyrir nemendur, t.d. um námstækni, prófundirbúning, markmiðssetningu og tímastjórnun, fyrstu skrefin á atvinnumarkaði og fleira. Náms- og starfsráðgjöf fyrir nemendur Menntavísindasviðs er staðsett í Enni í húsnæði Menntavísindasviðs.

www2.hi.is/page/namsradgjofHI

Alþjóðaskrifstofa Háskóla Íslands

Alþjóðaskrifstofa HÍ gegnir víðtæku hlutverki í alþjóðlegu samstarfi Háskólans. Skrifstofan miðlar upplýsingum og aðstoðar stúdenta og starfsfólk Háskólans varðandi þátttöku skólans í fjölþjóðlegum samstarfsáætlunum á borð við ERASMUS, NORDPLUS og ISEP, auk ýmissa tvíhliða samninga. Skrifstofan þjónar einnig skiptinemunum, íslenskum og erlendum. Alþjóðaskrifstofan veitir alhliða upplýsingar um nám erlendis auk upplýsinga um ýmsa styrki sem standa stúdentum til boða.

www.ask.hi.is

Nemendaskrá Háskóla Íslands

Nemendaskrá hefur umsjón með innritun og skrásetningu nemenda til náms og í námskeið við allar deildir Háskólans. Nemendaskrá varðveitir einnig gögn um námsferla nemenda, námsframvindu, próf, námskeið og einkunnir. Umsóknir um grunnám fara fram rafrænt á vefsetri Háskólans en umsóknir í framhaldsnám fara í gegnum deildarskrifstofur. Allar nánari upplýsingar um umsóknir má nálgast hjá Nemendaskrá.

www.hi.is/is/skolinn/nemendaskra

Húsnæði, bækur, leikskólar, atvinna og háskólamatur

Félagsstofnun stúdenta (FS) er þjónustufyrirtæki fyrir stúdenta við Háskóla Íslands. FS rekur Bóksölu stúdenta, Stúdentagarða, Leikskóla stúdenta, Hámu og Kaffistofur stúdenta sem eru víða á háskólasvæðinu og Stúdentamiðlunina, en þar geta nemendur sótt um störf, leitað að húsnæði og fundið notaðar skólabækur, svo fátt eitt sé nefnt.

www.fs.is

Nemendur hafa áhrif

Stúdentaráð Háskóla Íslands starfar að hagsmuna- og félagsmálum stúdenta og er sameiginlegur málsvari þeirra innan skólans sem utan hans, en í því sitja 20 stúdentar af öllum sviðum skólans. Stúdentar eiga fulltrúa í öllum mikilvægum ráðum og nefndum innan Háskóla Íslands og taka því ríkan þátt í ákvörðunum um starfsemi skólans. Stúdentaráð starfrækir Réttindaskrifstofu stúdenta, en þangað geta nemendur leitað ef þeir telja á einhvern hátt brotið á rétti sínum innan Háskólans. Stúdentaráð sinnir einnig margs konar annarri þjónustu við stúdenta, svo sem ráðgjöf um lánasjóðsmál og fæðingarorlofsmál, er tengiliður við stjórnir nemendafélaga og stendur fyrir sameiginlegum stúdentaskemmtunum. Starfsmenn Stúdentaráðs eru boðnir og búnir að aðstoða stúdenta við allt sem þeir þurfa hjálp við og svara spurningum þeirra.

www.student.is/studentarad/forsida

Upplýsingatækni í fremstu röð

Háskólinn hefur einsett sér að vera ávallt í fremstu röð í notkun upplýsingatækni í kennslu. Vefsetur Háskóla Íslands, www.hi.is, er einn mest sótti vefur landsins og þar er að finna allar helstu upplýsingar um Háskóla Íslands, námið við skólann, kennara, þjónustu og rannsóknir.

Hver og einn nemandi og starfsmaður Háskólans fær úthlutað netfangi ásamt aðgangi að innri vef skólans, Uglunni. Þar fléttast upplýsingakerfi Háskólans saman í eina heild og hver nemandi fær aðgang að þeim upplýsingum sem hann þarf, meðal annars yfirlit yfir einkunnir, námsferil og námskeið. Uglan er því sérsniðin að þörfum hvers og eins og er aðgengileg hvaðan sem er í gegnum vefinn. Á Uglunni geta nemendur einnig skráð sig í og úr námskeiðum, keypt prentkvóta og gert ýmislegt annað sem er nauðsynlegt hverjum stúdent.

Uglan er virkur og öruggur samskiptavettvangur nemenda og kennara þar sem leggja má inn gögn, tilkynningar, smáauglýsingar eða verkefni og eiga gagnvirk samskipti, m.a. með umræðuþráðum.

Fjarnám

Margar deildir Háskólans bjóða upp á fjarnám. Í fjarkennslunni er notaður fyrsta flokks fjarfundarbúnaður og vefurinn er nýttur mikið þannig að nemendur geta stundað námið þar sem þeim hentar. Í sumum námsleiðum eru svokallaðar staðlotur þar sem nemendur koma saman í nokkra daga og hitta samnemendur sína og kennara, vinna verkefni og hlýða á fyrirlestra. Háskólinn stefnir að því að efla fjarnámið enn frekar á næstu árum og vera áfram í fararbroddi í fjarkennslu.



Háskólasamfélagið – lifandi samfélag

Öflugt félagslíf

Það að stunda háskólanám snýst ekki bara um að sitja fyrirlestra og læra heima, heldur er félagslífið einnig afar mikilvægt. Tugir nemendafélaga eru starfrækt við Háskóla Íslands og sjá þau til þess að engum leiðist eftir að heimanámi lýkur. Félögin standa fyrir alls kyns uppákomum og ferðum, fyrirlestrum og útgáfu á tímaritum. Tengla á öll nemendafélög má finna á www.student.is, undir „Félagslíf“.

Samfélag nemenda á vefnum

Student.is er virkur og lifandi vefur stúdenta við Háskólann. Þar er að finna allar upplýsingar um félagslífið og lífið í Háskólanum. Meistararnemar í blaða- og fréttamennsku sjá um að skrifa fréttir á vefinn, um margvísleg mál sem varðar stúdenta, og einnig eru þar sjónvarps- og útvarpsviðtöl. Á vefnum má einnig finna allt um Stúdentaráð, Félagsstofnun stúdenta, jafnréttismál innan Háskólans og margt fleira. www.student.is

Kórastarf

Háskólakórinn setur sterkan svip á félagslífið í Háskóla Íslands. Kórinn kemur fram við margvíslegar opinberar athafnir á vegum skólans en heldur að auki eigin tónleika og stendur að útgáfu. Við Háskóla Íslands er einnig starfandi Kvinnakór Háskólans, sem vakið hefur verðskuldaða athygli. www.kor.hi.is

Leikhús og dans

Stúdentaleikhúsið er löngu orðið þekkt í menningarlífi höfuðborgarinnar. Það er opið öllum sem hafa áhuga á leiklist og eru þeir hvattir til þess að kynna sér starfsemina. Háskóladansinn nefndist nýtt dansfélag fyrir háskólanema, fótfrár félagsskapur sem m.a. heldur dansnámskeið af ýmsu tagi. www.studentaleikhusid.is
www.haskoladansinn.is

Íþróttahús Háskólans

Íþróttahúsið við Suðurgötu er opið öllum nemendum Háskólans gegn vægu gjaldi. Þar er fullkominn tækjasalur, hóptímar af ýmsu tagi, leikfimi, jóga, þolfimi o.fl. Nemendur geta að auki pantað íþróttasalinn til eigin afnota. Stöðugt er fitjað upp á nýjungum í starfsemi íþróttahússins og eru nemendur hvattir til að kynna sér það sem þar er í boði. Einnig er íþróttahús á Laugarvatni. <http://hi.is/is/skolinn/ithrottahus>

Stúdentablaðið

Stúdentaráð er útgefandi Stúdentablaðsins sem kemur út reglulega yfir skólaárið. Stúdentablaðið er opinn miðill sem öllum stúdentum er frjálst að skrifa í og eru allir hvattir til þess að leggja blaðinu lið með hvers kyns skrifum. Ritstjóri Stúdentablaðsins hefur aðsetur á skrifstofu Stúdentaráðs í Háskólatorgi. www.student.is

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Nemendur Háskóla Íslands hafa aðgang að fullkomnasta bókasafni landsins í Þjóðarbókhliðunni þar sem Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er til húsa. Nemendur fá bókasafnsskirteini án endurgjalds og hafa m.a. aðgang að rafrænum gagnasöfnum í eigu og áskrift safnsins sem og að öllum lokaritgerðum nemenda við Háskólann. Í Þjóðarbókhliðu eru yfir 400 sæti með lesaðstöðu. Þar að auki eru bæði lesstofur og tölvuver í flestum byggingum Háskóla Íslands og margar deildir hafa sín eigin bókasöfn. www.landsbokasafn.is

Opinn Háskóli

Árið um kring eru fyrirlestrar, málþing, ráðstefnur og aðrir viðburðir á vegum Háskóla Íslands opnir almenningi. Um 35 þúsund gestir sækja slíka viðburði árlega og eru nemendur Háskólans sérstaklega velkomnir.



Umsókn um nám í Háskóla Íslands

Sótt er um nám á vefsetri Háskólans, www.hi.is. Þar eru rafræn umsóknareyðublöð og allar nánari upplýsingar og leiðbeiningar fyrir tilvonandi nemendur. Starfsfólk Þjónustuborðs í Háskólatorgi, námsráðgjafar og starfsfólk Nemendaskrár veita fúslega upplýsingar og aðstoð. Allar umsóknir um grunnnám fara fram með rafrænum hætti á hi.is en umsóknir um framhaldsnám fara beint til deildarskrifstofa. Umsóknareyðublöð eru á heimasíðum deilda.

Umsóknarfrestur

Umsóknarfrestur í grunnnám er til 5. júní ár hvert en í framhaldsnám er umsóknarfrestur breytilegur eftir deildum. Í flestum þeirra er hann þó til 15. mars eða 15. apríl. Nánari upplýsingar á heimasíðum deilda á hi.is.

Inntökuskilyrði

Almennt inntökuskilyrði er að nemendur hafi lokið stúdentsprófi af bóknámsbraut eða öðru sambærilegu prófi frá erlendum skólum. Einstaka deildir gera þó aðrar kröfur og umsækjendur eru hvattir til að kynna sér inntökuskilyrði í einstakar námsleiðir. Allar nánari upplýsingar um inntökuskilyrði er að finna á heimasíðum deilda og hjá Náms- og starfsráðgjöf.

Prófgráður og einingakerfið

Nám við Háskólann er metið í einingum (e). Hvert námsár skiptist í tvö misseri, haustmisseri og vormisseri. Eðlilegt ársnám er talið 60 einingar og almennt er miðað við að hver eining svari til 25–30 vinnustunda í námi. Nemendum er þó leyfilegt að taka allt að 40 einingum á misseri, en sérstakt leyfi þarf til að taka fleiri. Nemendum er frjálst að taka færri en 30 einingar á misseri, kjósi þeir það.

Við Háskólann eru þrjár háskólagráður. Fyrsta háskólagráða kallast grunnnám, þ.e. BA, BS eða B.Ed. Að baki þeirri gráðu er minnst þriggja ára nám en nokkrar leiðir eru lengri og geta tekið 4–6 ár. Önnur háskólagráða er svokallað meistaraþróf, t.d. MA, MS eða M.Ed., en að baki henni er yfirleitt tveggja ára nám til viðbótar. Þriðja háskólagráðan er síðan doktorsþróf.

Meistaránám og doktorsnám kallast einu nafni framhaldsnám. Því til viðbótar býður Háskóli Íslands ýmsar styttri námsleiðir, diplómanám eða hagnýtt nám, starfsmiðað nám eftir fyrstu háskólagráðu og sjálfstætt grunnnám.

Allar nánari upplýsingar um námið, fyrirkomulag kennslu, próf og mikilvægar dagsetningar fyrir nemendur er að finna á hi.is.



Yfirlit yfir fræðasvið og deildir Háskóla Íslands

FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

- » Félags- og mannvísindadeild
- » Félagsráðgjafardeild
- » Hagfræðideild
- » Lagadeild
- » Stjórn málafræðideild
- » Viðskiptafræðideild

HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

- » Hjúkrunarfræðideild
- » Lyfjafræðideild
- » Læknadeild
- » Matvæla- og næringarfræðideild
- » Sálfræðideild
- » Tannlæknadeild

HUGVÍSINDASVIÐ

- » Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda
- » Guðfræði- og trúarbragðafræðideild
- » Íslensku- og menningardeild
- » Sagnfræði- og heimspekieild

MENNTAVÍSINDASVIÐ

- » Íþrótt-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild
- » Kennaradeild
- » Uppeldis- og menntunarfræðideild

VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ

- » Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild
- » Jarðvísindadeild
- » Líf- og umhverfisvísindadeild
- » Rafmagns- og tölvuverkfræðideild
- » Raunvísindadeild
- » Umhverfis- og byggingarverkfræðideild

ÞVERFRÆÐILEGT NÁM

- » Lýðheilsuvísindi
- » Norrænt meistaranám í öldrunarfræðum
- » Umhverfis- og auðlindafræði
- » Upplýsingatækni á heilbrigðissviði



FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

- » Félags- og mannvísindadeild
- » Félagsráðgjafardeild
- » Hagfræðideild
- » Lagadeild
- » Stjórn málafræðideild
- » Viðskiptafræðideild

Árangur sem skiptir máli

Í Háskólanum er fjallað um heillandi viðfangsefni félagsvísindanna á frjóan og gagnrýninn hátt og krafist er virkrar þátttöku nemenda. Þetta er blanda sem virkar, enda þekkt uppskrift frá bestu háskólum heims. Kennarar við Félagsvísindasvið eru færustu fræðimenn í sínu fagi og miklar kröfur eru gerðar til kennara og nemenda. Þannig næst árangur sem skiptir máli fyrir samfélagið.

Námið opnar margar dyr

Félagsvísindasvið er stærsta fræðasvið Háskóla Íslands og nemendum í þeim námsgreinum sem kenndar eru við sviðið fjölgar stöðugt. Í þjóðfélagi sem byggist á þekkingu og upplýsingatækni er mikil þörf á fólki með menntun í félagsvísindum. Nám í félagsvísindum opnar dyrnar að fjölmörgum spennandi störfum, bæði hér innan lands og erlendis.

Frábær undirbúningur

Grunnnám við Háskóla Íslands er frábær undirbúningur undir framhaldsnám út um allan heim og margir nemendur af Félagsvísindasviði hafa lokið framhaldsnámi við framúrskarandi skóla erlendis. Nú blómstrar einnig framhaldsnám í félagsvísindum við Háskóla Íslands, bæði meistara- og doktorsnám, og rannsóknir við sviðið hafa aldrei verið öflugri.

Rannsóknastofnanir tengdar Félagsvísindasviði

- » Alþjóðamálastofnun
- » Félagsvísindastofnun
- » Hafréttarstofnun
- » Hagfræðistofnun
- » Lagastofnun
- » Mannfræðistofnun
- » Mannréttindastofnun
- » Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd
- » Rannsóknasetur í fötlunarfræðum
- » Rannsóknasetur um fjölmiðlun og boðskipti
- » Rannsóknasetur um lífshætti barna og ungmenna
- » Rannsóknasetur um kennarastarfið og skólaþróun
- » Rannsóknasetur um smáriki
- » Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum
- » Rannsóknastofa í vinnuvernd
- » Rannsóknastöð þjóðmála
- » Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála
- » Viðskiptafræðistofnun

felags.hi.is

Félags- og mannvísindadeild

Félags- og mannvísindadeild er ein stærsta og fjölbreyttasta deild Háskóla Íslands. Þar er lögð rík áhersla á að með kenningum og aðferðum félagsvísinda öðlist nemendur skilning á þróun þjóðfélaga og margbreytileika mannlífsins, á menningu, félagslegri mismunun og lífsháttum ólíkra hópa. Deildin útskrifar nemendur með fyrsta flokks menntun, hvort sem þeir kjósa að fara beint til starfa eða hyggja á framhaldsnám hér á landi eða erlendis.

Fjölbreytt námsframboð

Félags- og mannvísindadeild nýtir styrk stærðarinnar með því að bjóða upp á óvenjufjölbreytt námsframboð sem nemendur geta raðað saman, allt eftir áhugasviði hvers og eins. Lögð er rík áhersla á sérhæfingu námsgreina, þótt einnig sé samvinna um kennslu tiltekinna námskeiða. Þannig geta nemendur breikkað sjónarhornið með því að vinna þvert á fræðigreinar deildarinnar, sem nýtist vel á umbrotatímum eins og við upplifum nú. Hægt er að taka flestar greinarnar til BA-prófs, ýmist sem aðalgrein eða sem aukagrein. Deildin býður einnig upp á framhaldsnám í flestum greinum til diplóma-, meistara- og doktorsprófs.

Grunnnám við deildina

- » Atvinnulífsfræði
- » Bókasafns- og upplýsingafræði
- » Félagsfræði
- » Fjölmíðlafræði
- » Líffræðileg mannfræði
- » Mannfræði
- » Safnafræði
- » Skólasafnsfræði
- » Stjórnun og rekstur
- » Upplýsinga- og skjalastjórn hjá skipulagsheildum
- » Upplýsingamiðlun
- » Vefstjórnun
- » Þjóðfræði

Framhaldsnám við deildina

- » Afbrotufræði
- » Atvinnulífsfræði
- » Blaða- og fréttamennska
- » Bókasafns- og upplýsingafræði
- » Félagsfræði
- » Fjölmening
- » Fjölmíðlafræði
- » Fötlunarfræði
- » Hagnýt þjóðfræði
- » Heilsa, líkami og menning
- » Mannfræði
- » MLIS-nám
- » Náms- og starfsráðgjöf
- » Norræn trú (kennt á ensku)
- » Rannsóknaraðferðir félagsvísinda
- » Safnafræði
- » Skólasafnsfræði
- » Upplýsinga- og skjalastjórn hjá skipulagsheildum
- » Upplýsingafræði og þekkingarmiðlun
- » Vefstjórnun
- » Þjóðfræði
- » Þróunarfræði



Félagsráðgjafardeild

Markmið félagsráðgjafardeildar er að veita framúrskarandi kennslu á sviði félagsráðgjafar og fékk námsleiðin gæðavottun frá ENQASP – European Network for Quality Assurance in Study Programs in Social Professions árið 2007. Í BA-námi öðlast nemendur undirstöðuþekkingu á starfsvettvangi og starfsaðferðum félagsráðgjafar ásamt þekkingu á velferðarkerfinu og þjálfun í aðferðafræði félagsvísinda. Til að öðlast löggild starfsréttindi í félagsráðgjöf er nauðsynlegt að ljúka MA-námi til starfsréttinda að loknu BA-prófi í félagsráðgjöf þar sem nemendur hljóta meðal annars starfsþjálfun undir handleiðslu sérþjálfaðra kennara.

Félagsráðgjafardeild býður upp á fjölbreytt framhaldsnám fyrir starfandi félagsráðgjafa og þverfaglegar námsleiðir m.a. á sviði barnaverndar og öldrunarfræða. Deildin er í öflugri samstarfi við aðila á vettvangi og rekur m.a. Rannsóknarsetur í barna- og fjölskylduvernd í samvinnu við þá.

Félagsráðgjafar eru eftirsóttir

Mikil eftirspurn er eftir starfskröftum félagsráðgjafa, en þeir starfa meðal annars við meðferð og þjónustu í þágu skjólstaðinga, einkum á sviði félags- og heilbrigðisþjónustu. Félagsráðgjafar sinna einnig stefnumótun og stjórnun, t.d. í starfi hjá frjálsum félagasamtökum. Jafnframt starfa félagsráðgjafar í mennta- og dómskerfi, hjá ráðgjafarfyriertækjum og reka eigin meðferðarstofur. Þá vinna félagsráðgjafar víða að rannsóknum og þróunarvinnu.

Grunnnám við deildina

- » Félagsráðgjöf

Framhaldsnám við deildina

- » Barnavernd
- » Áfengis- og vímuefnamál
- » Doktorsnám
- » Félagsráðgjöf, MA, MSW, Ph.D
- » Fjölmenningsfélagsráðgjöf
- » Réttarfélagsráðgjöf
- » Skólafélagsráðgjöf
- » Stjórnun og rekstur félagasamtaka
- » Öldrunarfræði, MA, NordMaG
- » Öldrunarfélagsráðgjöf
- » Öldrunarþjónusta

felagsradgjof.hi.is

Hagfræðideild

Markmið hagfræðinámsins er að veita nemendum góðan undirbúning í hagfræði, stærðfræði og tölfraedi en gefa jafnframt möguleika á sérhæfingu í öðrum greinum sem falla að áformum nemenda um framtíðarnám og störf. Nemendur geta tekið valgreinar innan sem utan deildarinnar og þannig undirbúið sig undir störf í hinum ýmsu atvinnugreinum.

Sterk staða í samkeppni

Mikil áhersla hefur verið lögð á að slaka ekki á kröfum til nemenda. Árangur þessa má sjá í góðri frammistöðu fyrrverandi nemenda við erlenda háskóla sem og á vinnumarkaði. Þeir sem hafa brautskráðst með BS- og BA-próf hafa þannig átt greiða leið í framhaldsnám við framúrskarandi háskóla erlendis. Þeir sem leita beint á vinnumarkað búa að góðri þekkingu í hagfræði, tölfraedi, fjármálum og reikningshaldi og eru því mjög samkeppnishæfir, innan lands sem utan.

Grunnnám við deildina

- » Hagfræði

Framhaldsnám við deildina


- » Fjármálahagfræði
- » Hagfræði
- » Heilsuhagfræði

hag.hi.is



lagadeild

öflug og lifandi í 100 ár



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Lagadeild

Á árinu 2008 fagnaði deildin því að 100 ár voru frá því að Lagaskólinn, sem síðar varð að Lagadeild HÍ, tók til starfa. Lagadeild Háskóla Íslands er því elsta og öflugasta lagadeild landsins. Í BA-náminu er lögð áhersla á grunngreinar lögfræðinnar sem allir vel menntaðir lögfræðingar verða að kunna skil á. Í meistaranáminu geta nemendur byggt á þessum góða grunni og valið um sérhæfingu á tíu áherslusviðum eða útskrifast með almenna meistaraþráðu.

Framúrskarandi lögfræðingar

Við Lagadeild er lögð rík áhersla á gagnvirka kennsluhætti þar sem máttur virkrar samræðu er nýttur til hins ítrasta. Lagadeild stefnir að því að útskrifa framúrskarandi lögfræðinga sem hafa þekkingu og þjálfun í því að leysa úr hvers kyns álitæfnum á sviði lögfræði. Nemendur sem útskrifast frá Lagadeild eru eftirsóttir starfsmenn og gengur vel að komast í framhaldsnám við virtustu lagaskóla í Evrópu og Bandaríkjunum. Atvinnumöguleikar eru ákaflega fjölbreyttir og geta lögfræðingar frá deildinni valið úr störfum í stjórnslunni, hjá ýmsum hagsmunasamtökum og lífeyrissjóðum svo og við dómstóla og á lögmannsstofum, svo fátt eitt sé nefnt.

Grunnnám við deildina

- » Lögfræði

Framhaldsnám við deildina

- » Lögfræði, meistaranám og doktorsnám
- » Áherslusvið í meistaranámi:
 - Evrópuréttur
 - Fjármunaréttur
 - Refsiréttur
 - Réttarfar
 - Stjórnsýsluréttur
 - Umhverfis- og auðlindaréttur
 - Upplýsingatækniréttur
 - Verðbréfamarkaðsréttur
 - Viðskipta- og skattaréttur
 - Þjóðaréttur
- » LL.M. í auðlindarétti og alþjóðlegum umhverfiserétti

lagadeild.hi.is

Stjórn málafræðideild

Stjórn málafræði fjallar um það hvernig samfélög fólks fara að því að komast að sameiginlegum niðurstöðum fyrir meðlimi sína og hvernig þeim gengur að fylgja þeim eftir. Hún fjallar um samskipti ríkja og samtaka á alþjóðavettvangi, jafnt sem samskipti stofnana ríkisvaldsins innanlands, til dæmis ríkisstjórnar og þings eða ríkis og sveitarfélaga. Nemendur læra um skoðanamyndun, kosningar, lýðræði, vald, stjórn málaflokka, hagsmunasamtök, aðferðafræði og tölfræði, svo nokkur dæmi séu nefnd.

Fjölbreytt störf

Störf stjórn málafræðinga eru fjölbreytt og þrátt fyrir nafn greinarinnar, þá helgar ekki nema tiltölulega lítill hluti sig pólitísku starfi. Algengast er að stjórn málafræðingar starfi að loknu námi við alþjóðasamskipti af ýmsu tagi, opinbera stjórnsýslu ríkis eða sveitarfélaga og fjölmiðla og upplýsingastörf. Viss hópur sinnir einnig rannsóknum og kennslu.

Grunnnám við deildina

- » Stjórn málafræði

Framhaldsnám við deildina

- » Alþjóðasamskipti
- » Opinber stjórnsýsla
- » Stjórn málafræði

stjornmal.hi.is

Viðskiptafræðideild

Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands er stærsta og öflugasta háskólastofnunin á sínu sviði á Íslandi og hefur gegnt forystuhlutverki í menntun stjórnenda og sérfræðinga á sviði viðskiptafræði allt frá árinu 1938. Deildin hefur góð tengsl við atvinnulífið og nemendur sem útskrifast frá Viðskiptafræðideild hafa hlotið traustan fræðilegan grundvöll sem gerir þeim kleift að takast á við fjölbreytileg verkefni að námi loknu.

Sterkur grunnur ásamt sérhæfingu

Grunnnám við deildina byggist á sterkum grunni almennra viðskiptafræðigreina, en möguleikar á sérhæfingu eru miklir þar sem boðið er upp á nám á mismunandi kjörsviðum: fjármál, markaðsfræði og alþjóðaviðskipti, reikningshald og stjórnun og forysta. Einnig er boðið upp á BS-nám með vinnu sem er skipulagt utan hefðbundins vinnutíma. Meistaránámið er þekkt fyrir góða fræðilega undirstöðu, skapandi hugmyndir, öguð vinnubrögð og góðan skilning á þeim verkefnum og áskorunum sem tekist er á við í viðskiptalífinu.

Grunnnám við deildina

- » Viðskiptafræði

Framhaldsnám við deildina

- » Fjármál fyrirtækja
- » Mannauðsstjórnun
- » Markaðsfræði og alþjóðaviðskipti
- » MBA í viðskiptafræði
- » Reikningsskil og endurskoðun
- » Skattaréttur og reikningsskil
- » Stjórnun og stefnumótun
- » Viðskiptafræði

vidskipti.hi.is





HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

- » Hjúkrunarfræðideild
- » Lyfjafræðideild
- » Læknadeild
- » Matvæla- og næringarfræðideild
- » Sálfræðideild
- » Tannlæknadeild

Fyrsta flokks kennsla og aðstaða

Markmið Heilbrigðisvísindasviðs er að mennta heilbrigðisstarfsmenn í fremstu röð, mjög hæfa til að sinna hinu fjölpætta hlutverki heilbrigðiskerfisins: þjónustu við veikt fólk og samfélagið, rannsóknum og kennslu. Nútímaheilbrigðisþjónusta er teymisvinna og er lögð áhersla á samþáttun í grunnnámi innan sviðsins. Heilbrigðisvísindasvið starfar í nánú samstarfi við Landspítala – Háskólasjúkrahús, heilsugæslu og aðrar heilbrigðisstofnanir. Helstu sérfræðingar þjóðarinnar á sviði heilbrigðisvísinda koma að kennslu og rannsóknum við sviðið. Nemendur við sviðið fara auk þess í starfsnám á sjúkrahús og á aðrar heilbrigðisstofnanir um allt land.

Öflugar rannsóknir

Nemendur útskrifaðir frá Heilbrigðisvísindasviði hafa haldið áfram í námi við fremstu háskóla heims og rannsóknir við sviðið eru afar öflugar. Háskóli Íslands hefur lagt grunninn að heilbrigðiskerfi þjóðarinnar, er þar í forystuhlutverki og tekur það hlutverk sitt alvarlega. Á hverjum degi er unnið að því að leita leiða til þess að koma í veg fyrir og meðhöndla sjúkdóma.

Færni í mannlegum samskiptum

Heilbrigðisþjónusta byggist á tveimur meginþáttum, vísindum og þekkingu annars vegar og samskiptum við fólk hins vegar. Nemendur við sviðið öðlast góða færni í mannlegum samskiptum því það er nauðsynlegt hverjum þeim sem starfar í heilbrigðisgeiranum að kunna að takast á við erfitt umhverfi sjúkdóma bæði í gleði og sorg.

Rannsóknastofnanir tengdar Heilbrigðisvísindasviði

- » Lífeðlisfræðistofnun HÍ
- » Lífefna- og sameindalíffræðistofa
- » Lyfjafræðistofnun
- » Rannsóknastofa í heilbrigðisfræði
- » Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði
- » Rannsóknastofa í hreyfivísindum
- » Rannsóknastofa HÍ og KÍ í sameinda- og frumulíffræði
- » Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði
- » Rannsóknastofa í matvælaefnafræði
- » Rannsóknastofa í meinafræði
- » Rannsóknastofnun í næringarfræði
- » Rannsóknastofa í sýklafræði
- » Rannsóknastofa í veirufræði
- » Rannsóknastofnun um lyfjamál
- » Tannlækningastofnun
- » Tilraunastöð HÍ í meinafræði að Keldum

Hjúkrunarfræðideild

Innan Hjúkrunarfræðideildar er boðið upp á ýmsar námsleiðir í hjúkrunarfræði, þ.e. fjögurra ára BS-nám, diplómanám á meistarastigi, ljósmóðurfræði, meistaranám og doktorsnám. Hjúkrunarfræðideild hefur í auknum mæli boðið nemendum í framhaldsnámi upp á fjarnám enda eykst eftirspurnin eftir slíku námi sífellt.

Kröfur um þekkingu á ýmsum sviðum

Kennsla í hjúkrunarfræði er þverfræðileg og miðar að því að nemendur verði færir um að viðhalda og efla heilbrigði skjólstæðinga sinna og bæta líðan þeirra í veikindum. Hjúkrunarstarfið er fjölbreytt og krefjandi starf sem gerir kröfur um skilning á mannlegu eðli. Atvinnutækifærin eru fjölmörg, bæði hér heima sem og á alþjóðavettvangi.

Inntökuskilyrði

Nemendur með stúdentspróf af bóknámsbraut geta sótt um nám við deildina. Nemendur með stúdentspróf af sjúkraliðabraut geta einnig sótt um nám við deildina, hafi þeir lokið minnst 15 einingum í íslensku, 6 einingum í stærðfræði og 9 einingum í ensku. Fyrir nemendur sem hafa lokið sjúkraliðanámi, en hafa ekki stúdentspróf, eru auk þess kröfur um 25 ára lágmarksaldur og 5 ára starfsreynslu sem sjúkraliði, í minnst 80% starfshlutfalli að meðaltali. Nemendur með sambærileg próf frá erlendum skóla geta einnig sótt um.

Réttur til áframhaldandi náms

Réttur stúdenta til að halda áfram námi á vormisseri fyrsta árs fer eftir árangri í þeim námsgreinum sem kenndar voru á haustmisseri. Miðast sá árangur við að nemendur hljóti að lágmarki 6,0 í meðaleinkunn úr prófum í þeim námsgreinum.

Grunnnám við deildina

- » Hjúkrunarfræði

Framhaldsnám við deildina

Boðið er upp á fjölbreytt framhaldsnám en mismunandi er hvaða sérhæfing er í boði á hverju ári. Dæmi um sérhæfingu:

- » Barnahjúkrun
- » Bráðahjúkrun
- » Endurhæfingarhjúkrun
- » Geðhjúkrun
- » Gjörgæsluhjúkrun
- » Heilsugæsluhjúkrun
- » Hjúkrun aðgerðarsjúklinga
- » Hjúkrun langveikra fullorðinna
- » Hjúkrunarstjórnun
- » Krabbameinshjúkrun
- » Ljósmóðurfræði
- » Skurðhjúkrun
- » Svæfingarhjúkrun
- » Öldrunarhjúkrun

hjukrun.hi.is

Lyfjafræðideild

Lyfjafræðinámið er fjölbreytt, þverfaglegt nám, samsett af bóklestri og verklegri kennslu í hinum ýmsu greinum líf- og raunvísinda, auk félagvísindagreina. Fjallað er um allt frá þróun nýrra lyfjaefna og lyfjaforma, að framleiðslu, notkun og verkun lyfjanna. Þessi breiði grunnur gerir lyfjafræðinga eftirsóttá í atvinnulífinu og þeirra biða fjölbreytt atvinnutækifæri. Sem dæmi um starfsvettvang fyrir lyfjafræðinga má nefna lyfjaiðnaðinn, apótek, sjúkrahús og rannsóknir.

Fyrsta flokks lyfjafræðingar

Deildin kappkostar að útskrifa lyfjafræðinga með fyrsta flokks menntun, hvort sem þeir kjósa að fara beint til starfa í atvinnulífinu eða hyggja á framhaldsnám héraðs eða erlendis. Skipulag námsins tekur mið af því sem tíðkast annars staðar á Norðurlöndum og í Evrópu og að námið uppfylli kröfur Evrópubandalagsins um menntun lyfjafræðinga. Þeir hljóta þannig viðurkennd atvinnuréttindi í aðildarlöndum bandalagsins.

Grunnnám við deildina

- » Lyfjafræði

Framhaldsnám við deildina

- » Lyfjafræði
- » Lyfjavísindi

lyfjafradadeild.hi.is





Læknadeild

Læknadeild Háskóla Íslands hefur alltaf notið mikils trausts meðal almennings og er hún þekkt fyrir að fylgjast vel með þróun lækninga og nýjungum á sviði læknisfræðinnar. Læknanámið er 6 ára nám til læknaprófs en sjúkraþjálfun, geisla- og lífeindafræði eru 4 ára nám. Deildin stefnir að því að verða ein af 100 bestu læknadeildum í heimi og vinnur markvisst að því að efla kennslu og rannsóknir.

Inntökupróf í júní

Fjöldatakmörkun er viðhöfð vegna takmarkaðs fjölda kennara og getu klínískra deilda til að annast kennslu, ásamt sjúklingafjölda. Því þurfa nemendur sem hyggja á nám í læknisfræði og sjúkraþjálfun að þreyta inntökupróf sem fer fram í júní. Samkeppnispróf er haldið í lok fyrsta misseris í geisla- og lífeindafræði.

Grunnnám við deildina

- » Geislafræði
- » Lífeindafræði
- » Læknisfræði
- » Sjúkraþjálfun

Rannsóknatengt framhaldsnám við deildina

- » Geislafræði
- » Heilbrigðisvísindi
- » Líf- og læknávisindi
- » Lífeindafræði
- » Læknisfræði
- » Sjúkraþjálfun

laeknadeild.hi.is
physio.hi.is

Matvæla- og næringarfræðideild

Markmið Matvæla- og næringarfræðideildar er að veita fyrsta flokks kennslu í matvælafræði og næringarfræði og að stunda framúrskarandi rannsóknir. Einnig er stefnt að því að auka þekkingu samfélagsins á fræðasviðunum og að veita þjónustu sem nýtist opinberum aðilum, fyrirtækjum, stofnunum, neytendum eða almenningi í þágu aukinna lífsgæða og bættrar heilsu.

Fjölbreytt og krefjandi nám og tengsl við atvinnulífið

Námið er fjölbreytt, þverfaglegt og krefjandi, byggt á bóklegu og verklegu námi og raunhæfum verkefnum. Lögð er áhersla á sjálfstæði, vísindaleg vinnubrögð og hæfni nemenda í lausnamiðuðu námi. Hvatt er til skapandi umræðna milli nemenda og kennara þar sem skoðanir og hugmyndir nemenda fá að njóta sín. Deildin hefur sterk tengsl við ýmsar stofnanir og fyrirtæki. Fjölbreytni námsins og hæfni til að sinna margs konar störfum gerir matvæla- og næringarfræðinga eftirsóttá í atvinnulífinu, bæði hérlendis og á alþjóðavettvangi.

Nám við deildina

Matvæla- og næringarfræði eru kenndar til BS-, MS- og doktorsgráðu.

Áherslur í framhaldsnámi


Matvælafræði

- » Eðlis- og efnaeiginleikar matvæla
- » Vinnslutækni – ferlastýring
- » Flutningsferlar
- » Stöðugleiki matvæla
- » Líftækni
- » Rekjanleiki
- » Gæðastýring
- » Vöruþróun

Næringarfræði

- » Næring viðkvæmra hópa
- » Lýðheilsunæringarfræði
- » Klínísk næringarfræði
- » Næringarefnafræði
- » Íþróttanæringarfræði
- » Næring þróunarlanda
- » Vöruþróun og neytendafræði

matur.hi.is
naering.hi.is



Sálfræðideild

Hegðun og sálarlíf mannsins er aðalviðfangsefni sálfræðinnar. Fjallað er um skynjun, skilning, áhrif umhverfis og erfða á hegðun, um skapgerðareinkenni fólks, þroska barna, gerð og notkun sálfræðilegra prófa og margt fleira. Lögð er áhersla á að nemendur temji sér sjálfstæð vinnubrögð í námi og rannsóknum.

Námið nýtist til margs

BA-próf í sálfræði nýtist vel í margvíslegum störfum við þjónustu, kennslu, rannsóknir og stjórnun bæði hjá opinberum stofnunum

og í einkageiranum. Það nýtist einnig sem undirbúningur fyrir margs konar framhaldsnám, bæði hérlandis og erlendis, innan sálfræðinnar sem utan. Þar má til dæmis nefna nám í heilbrigðisfræðum, stjórnunar- og viðskiptafræðum, ráðgjöf, lífvisindum og fjölmiðlun.

Grunnnám við deildina

» Sálfræði

Framhaldsnám við deildina

» Cand. Psych.- nám
» Sálfræði

sal.hi.is

Tannlæknadeild

Meginmarkmið náms í Tannlæknadeild er að mennta nemendur í tann- og munnvísindum og stuðla þannig að bættri munn- og tannheilsu þjóðarinnar. Í náminu er nemendum boðið upp á faglegt og krefjandi nám í tannlæknisfræðum þar sem lausnarleitarnám er haft að leiðarljósi og nemendur eru hvattir til dáða. Nám í tannlæknisfræði tekur 6 ár og lýkur með kandidatsprófi í tannlækningum, cand. odont.

Bóklegt og verklegt nám

Tannlæknanámið er fjölbreytt nám, samsett af bóklegri og mikilli verklegri kennslu sem fer fram með fyrirlestrum og verklegum æfingum, dæmatímum og umræðutímum. Deildin er lítil og persónuleg og þegar nemendur eru komnir áleiðis í náminu fara þeir að sinna tannlæknaþjónustu við almenning.

Samkeppnispróf

Við tannlæknadeild er fjöldatakmörkun og að loknu fyrsta misseri fara fram samkeppnispróf þar sem sjö nemendur komast áfram.

Nám við deildina

Tannlæknisfræði er kennd til cand.-odont. gráðu, meistaragráðu og doktorsgráðu.

tannlaeknadeild.hi.is





HUGVÍSINDASVIÐ

- » Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda
- » Guðfræði- og trúarbragðafræðideild
- » Íslensku- og menningardeild
- » Sagnfræði- og heimspekideild

Einstaklega fjölbreytt nám

Háskóli Íslands hefur þá sérstöðu að bjóða upp á einstaklega fjölbreytt nám í hugvísindum og möguleikarnir á því að blanda saman ólíkum greinum eru fjölmargir. Þannig geta nemendur skapað sér sérþekkingu á ólíkum sviðum, enda má finna fólk með menntun í hugvísindum víðast hvar í þjóðfélaginu.

Þekking sem nýtist vel

Hugvísindasvið útskrifar nemendur sem eru vel menntaðir, búa yfir gagnrýninni hugsun, eru færir um að greina flókin viðfangsefni og að setja fram hagnýtar lausnir. Nemendur Hugvísindasviðs standa því sterkir að vígi þegar þeir koma út á vinnumarkaðinn, enda hefur sýnt sig að þeir yfirfæra þekkingu sína á flest svið íslensks samfélags og á alþjóðavettvangi.

Nýjar og spennandi námsgreinar

Hugvísindasvið lagar námsframboð sitt að sibreytilegum kröfum og tækifærum samfélagsins með því að bjóða sifellt upp á nýjar og spennandi námsgreinar. Jafnframt leggur sviðið áherslu á að rækta hinn klassíska menningararf með framboði greina sem dýpa skilning okkar á liðnum tíma, hugmyndum, menningu og sögu og tengja þetta við samtímann eftir því sem tilefni gefst.

hug.hi.is

Alþjóðasamskipti

Innan Hugvísindasviðs er öflugt alþjóðasamstarf. Nemendum gefst kostur á að stunda hluta af námi sínu erlendis og auk þess koma fjölmargir erlendir nemendur til náms á Hugvísindasviði. Samningar við háskóla um allan heim eru undirstaða þessara samskipta. Kennaraskipti við erlenda háskóla auka á fjölbreytni í kennslu á sviðinu. Verkefnisstjóri alþjóðamála á sviðinu veitir allar nánari upplýsingar.

Tungumálamiðstöð – sjálfsnám

Í Háskólanum er starfandi Tungumálamiðstöð en þar er aðstaða til sjálfsnáms í tungumálum. Þar hafa nemendur, kennarar og starfsfólk HÍ aðgang að fjölbreyttu úrvali námsgagna og nútímaupplýsingatækni til tungumálanáms.

Rannsóknastofnanir á Hugvísindasviði

Hugvísindastofnun er sameiginlegur vettvangur stofnana á Hugvísindasviði

- » Asíusetur Íslands
- » Bókmenntafræðistofnun
- » Guðfræðistofnun
- » Heimspekistofnun
- » Konfúsíusarstofnunin Norðurljós
- » Málvísindastofnun
- » Sagnfræðistofnun
- » Siðfræðistofnun
- » Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum

Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda

Við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda er boðið upp á fjölbreytt nám. Með tungumálakunnáttu og fræðilegri innsýn í málvísindi, bókmenntir og menningu afla nemendur sér þekkingar og færni til að takast á við áhugaverð alþjóðleg störf, t.d. í alþjóðasamskiptum, ferðaþjónustu og viðskiptum eða störf tengd tungumálakennslu, þýðingum, fjölmiðlum, menningu, almannatengslum og stjórnsýslu.

Lifandi og fjölbreytileg kennsla

Í náminu er kappkostað að nemendur nái hratt og örugglega tökum á því tungumáli sem þeir leggja stund á og kynnist menningu og þjóðfélagsaðstæðum viðkomandi málsvæðis. Rík áhersla er lögð á notkun vefsins, kvikmynda og margmiðlunarefnis til að gera kennsluna lifandi og fjölbreytilega.

Framhaldsnám við deildina

- » Danska
- » Enska
- » Franska
- » Spænska
- » Þýska

Grunnnám við deildina

- » Austur-Asíufræði
- » Danska
- » Enska
- » Finnsla
- » Franska
- » Gríska
- » Ítalska
- » Japanskt mál og menning
- » Kínverskt mál og menning
- » Latína
- » Norska
- » Rómönsk mál
- » Rússneska
- » Spænska
- » Sænska
- » Þýska

Nánari upplýsingar á erlendtungumal.hi.is





Guðfræði- og trúarbragðafræðideild

Guðfræðideild er elsta deild Háskóla Íslands en hún á rætur að rekja til stofnunar Prestaskólans árið 1847. Guðfræðideild er þó miklu meira en prestaskóli og á síðari árum hefur námið orðið mjög fjölbreytt og aukin áhersla verið lögð á trúarbragðafræði.

Hefðin og ný sjónarhorn

Hefðbundnar greinar guðfræðinnar: biblíufræði, kirkjusaga, trúfræði, trúarbragðafræði og siðfræði, auk kennimannlegrar guðfræði, gegna enn mikilvægu hlutverki í náminu. Ný sjónarhorn

hafa hins vegar rutt sér til rúms innan þeirra. Til dæmis með tilkomu kvennaguðfræði, áherslu á áhrifasögu Biblíunnar og menningarfræði og þá ekki síst rannsóknum á trúarlegum stefnum í kvikmyndum. Guðfræðin er því grein í stöðugri þróun. Innan trúarbragðafræði hefur áhersla jafnframt verið á kennslu um íslam.

Grunnnám við deildina

- » Almenn trúarbragðafræði
- » Djáknánám
- » Guðfræði

Framhaldsnám við deildina

- » Djáknánám
- » Guðfræði

Nánari upplýsingar á gudfraedi.hi.is

Íslensku- og menningardeild

Í Íslensku- og menningardeild er boðið upp á fjölbreytt og sveigjanlegt nám, þverfaglegar námsleiðir og gagnvirka kennsluhætti. Frumleiki og nýsköpun í kennslu og rannsóknum einkennir deildina og skilar af sér nemendum sem búa yfir þekkingu, dugnaði og dirfsku sem gagnast þeim í hvers kyns viðfangsefnum og störfum.

Virk þátttaka nemenda

Kennsla í Íslensku- og menningardeild byggist mjög á virkri þátttöku nemenda í umræðum og samræðum og einnig á ritgerðum þar sem þekking og frumleiki nemenda fær að njóta sín undir leiðsögn kennara. Deildin leggur mikla áherslu á að ráða nemendur sem aðstoðarmenn kennara, bæði við kennslu og rannsóknarverkefni. Í slíkum verkefnum skapast oft nán samvinna þátttakenda sem bæði kennarar og nemendur læra mikið af. Námið býr fólk m.a. undir störf í mennta- og menningarstofnunum, við fjölmiðla, almannatengsl og bókaútgáfu, sem og frekara nám og fræðastörf.

Grunnnám við deildina

- » Almenn bókmenntafræði
- » Almenn málvísindi
- » Íslenska
- » Íslenska fyrir erlenda stúdenta
- » Kvikmyndafræði
- » Listfræði
- » Menningarfræði
- » Ritlist
- » Táknafræði
- » Þýðingafraði

Framhaldsnám við deildina

- » Almenn bókmenntafræði
- » Almenn málvísindi
- » Hagnýt ritstjórn og útgáfa
- » Íslensk málfræði
- » Íslenskar bókmenntir
- » Íslensk fræði
- » Tungutækni
- » Þýðingafraði

Nánari upplýsingar á ismenn.hi.is



Sagnfræði- og heimspekideild

Í Sagnfræði- og heimspekideild er skapandi samstarf á milli nemenda og kennara bæði í kennslu og rannsóknum. Í kennslunni, sem meðal annars fer fram í formi málstofa, er lögð áhersla á að virkja nemendur til rökræðu um viðfangsefnin. Í öflugum rannsóknarnámi deildarinnar er náíð samstarf nemenda og kennara sem miðar að því að nemendur verði sem hæfastir á sínu sviði.

Fræðileg vinnubrögð og gagnrýnin hugsun

Nemendur sem lokið hafa námi í Sagnfræði- og heimspekideild hafa öðlast staðgóða þekkingu á námsefninu, tamið sér heiðarleg, fræðileg vinnubrögð og eru þjálfaðir í gagnrýnni hugsun. Þeir eru færir um að gera skýra og rökstudda grein fyrir skoðunum sínum og miðla þekkingu sinni í rituðu og töluðu máli. Þeir hafa kynnst rötum menningar okkar og hugmyndasögu sem gerir þá vel læsa á umhverfi sitt. Með þetta veganesti munu þeir geta haslað sér völl á margvíslegum starfsvettvangi.

Grunnnám við deildina

- » Fornleifafræði
- » Heimspeki
- » Klassísk fræði
- » Miðaldafræði
- » Sagnfræði

Framhaldsnám við deildina

- » Fornleifafræði
- » Hagnýt menningarmiðlun
- » Heilbrigðis- og lífsiðfræði
- » Heimspeki
- » Miðaldafræði (kennt á ensku)
- » Sagnfræði
- » Starfstengd siðfræði
- » Umhverfis- og náttúrusiðfræði
- » Viðskiptasiðfræði

Nánari upplýsingar á sagnheim.hi.is





- » Íþróttá-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild
- » Kennaradeild
- » Uppeldis- og menntunarfræðideild

Menntavísindasvið menntar kennara fyrir öll skólastig, uppeldis- og menntunarfræðinga, íþróttá- og heilsufræðinga, tómstunda- og félagsmálafræðinga og þroskaþjálfara. Nemendur læra um uppeldi, kennslu, stjórnun, samskipti, þroska, mál, heilsu, listir og rannsóknir. Í öllum þremur deildum Menntavísindasviðs er rík áhersla lögð á tengsl við væntanlegan starfsvettvang og nemendur fara í starfsþjálfun á ýmsum stöðum.

Fjölbreyttar rannsóknir – Doktorsnám

Á Menntavísindasviði eru stundaðar fjölbreyttar rannsóknir á sviði menntunar, uppeldis og þjálfunar í þeim tilgangi að skapa nýja þekkingu íslensku samfélagsi til hagsbóta. Lögð er áhersla á að skipulag og þróun í íslenskum fræðslu- og menntamálum sé byggð á bestu fánlegri þekkingu á hverjum tíma. Mikil áhersla er lögð á fjölbreytni, bæði í námsframboði og námsaðferðum þannig að hver og einn nemandi getur mótað sitt nám í samræmi við sitt áhugasvið og hvert hann stefnir. Í tengslum við rannsóknir er boðið upp á fjölbreytt doktorsnám sem er þvert á deildir.

Miklir möguleikar á fjarnámi

Á Menntavísindasviði er öflugt fjarnám og rúmlega helmingur nemenda stundar nám sitt í fjarnámi. Námsskipan er sú sama og í staðnámi og kröfur til stúdenta um námsframvindu og vinnuframlag eru þær sömu. Stúdentar þurfa að mæta í eina til tvær vikur á hverju misseri í staðlotur, aðra í upphafi misseris og hina síðar. Auk þess er mætingarskylda í öllu vettvangsnámi. Framhaldsnám er einnig mjög öflugt og helst í hendur við þær fjölbreyttu rannsóknir sem eru stundaðar við sviðið.

Flytjast á Háskólasvæðið

Menntavísindasvið, utan íþróttá- og heilsufræðibrautar, er nú til húsa á Rauðarárholti í gömlu húsakynnum Kennaraháskólans, en fyrirhugað er að fræðasviðinu verði búin glæsileg aðstaða á Háskólasvæðinu innan fárra ára.

Rannsóknastofnanir tengdar Menntavísindasviði

- » Rannsóknarstofa í menntunarfræði ungra barna (RannUng)
- » Rannsóknarstofa í fjölmenningsfræðum
- » Rannsóknarstofa um þroska, mál og læsi barna og unglinga
- » Rannsóknarstofa í íþróttá- og heilsufræði (RÍH)
- » Rannsóknarstofa um skóla án aðgreiningar
- » Rannsóknarstofa í íslenskum fræðum og íslenskukennslu
- » Rannsóknarstofa í barna- og æskulýðsfræðum (BÆR)
- » Rannsóknarstofa um stærðfræðimenntun
- » Rannsóknarstofa í kennslufræði
- » Rannsóknarstofa um nám og kennslu erlendra tungumála og annars máls
- » Rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun (RannUM)
- » Rannsóknarstofa um menntakerfi
- » Rannsóknarsetur um kennarastarfið og skólaþróun
- » SRR – Símenntun – Rannsóknir – Ráðgjöf

Ípróttá-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild

Við deildina er boðið upp á nám í ípróttá- og heilsufræði, tómsunda- og félagsmálafræði og þroskaþjálfufræði. Nemendur sem lokið hafa námi frá deildinni hafa góða atvinnumöguleika á fjölbreyttum starfsvettvangi.

Í ípróttá- og heilsufræði er lögð áhersla á að auka þekkingu nemenda á heilsu, vexti, þroska, hreyfingu og lífsstíl barna og unglinga, sem og fullorðinna og aldraðra. Nemendur geta valið faglega sérhæfingu sína sjálfir með tilliti til mismunandi starfsvettvangs.

Í tómsunda- og félagsmálafræði tileinka nemendur sér þekkingu á gildi, þýðingu og hlutverki tómsunda í nútímasamfélagi. Þeir fá heildarsýn á þá starfsemi sem fer fram í frítíma fólks á öllum aldri og menningar- og uppeldishlutverk tómsundastarfs.

Nám í þroskaþjálfufræðum miðar að því að nemendur öðlist sérfræðiþekkingu og hæfni til þess að veita fötluðu fólki á öllum aldri fjölbreytilega þjónustu og ráðgjöf í þeim tilgangi að styðja við fullgilda samfélagsþátttöku þeirra, jafnrétti og lífsgæði á við aðra samfélagsþegna. Í framhaldsnámi er lögð áhersla á að efla hæfni nemenda til að vinna rannsókná- og vísindastörf á þessum vettvangi.

Grunnnám við deildina

- » Ípróttá- og heilsufræði
- » Tómsunda- og félagsmálafræði
- » Þroskaþjálfufræði

Framhaldsnám við deildina

- » Ípróttá- og heilsufræði
- » Tómsunda- og félagsmálafræði
- » Þroskaþjálfufræði

Annað nám

Starfstengt nám fyrir fólk með þroskahömlun

Kennaradeild

Í Kennaradeild er boðið upp á fjölbreytt og metnaðarfullt nám fyrir verðandi kennara í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Nemendur læra um nám og þroska, uppeldi og menntun frá sjónarhóli menntunarfræði, sálfræði, félagsfræði, heimspeki og siðfræði. Við deildina starfa helstu sérfræðingar á sviði menntavísinda á Íslandi. Nemendur geta valið um sérhæfingu á fjölmörgum sviðum bæði í grunnnámi og í framhaldsnámi.

Náin tengsl við starfsvettvang

Námið er rannsóknatengt starfsnám sem fer fram í nánú samstarfi við almenna leik-, grunn- og framhaldsskóla. Allir nemendur fá sinn heimaskóla þar sem þeir fá starfsþjálfun og tækifæri til að stunda rannsóknir. Námið undirbýr nemendur undir fjölbreytt dagleg viðfangsefni en ekki síður undir það að verða leiðtogar hver á sínu sviði og til þess að leiða framtíðarþróun skólustarfs í landinu.

Grunnnám við deildina

- » Diplómanám í kennslufræðum fyrir verkgreinakennara
- » Grunnskólakennarafræði (14 kjörsvið)
- » Leikskólakennarafræði

Framhaldsnám við deildina

- » Diplómanám í kennslufræðum
- » Náms- og kennslufræði (9 sérsvið)



Uppeldis- og menntunarfræðideild

Í uppeldis- og menntunarfræðideild er hægt að stunda grunnnám til BA-gráðu og rannsókn- og starfstengt framhaldsnám til Dipl.Ed.-, M.Ed. og MA-gráðu. Jafnframt er boðið upp á alþjóðlegt nám í menntunarfræði í grunnnámi og framhaldsnámi, en kennslan í því fer fram á ensku. Með því er reynt að koma til móts við aukna hnattvæðingu, fólksflutninga og þróun fjölmenningslegs samfélags á Íslandi.

Undirbúningur undir fjölbreytileg störf

Í grunnnáminu er boðið upp á nám í uppeldis- og menntunarfræði til BA-gráðu, svo og alþjóðlegt nám í menntunarfræði til BA-gráðu. Í meistaranáminu er boðið upp á fjölda námsleiða og þar búa nemendur sig undir fjölbreytileg störf við rannsóknir á sviði uppeldis og kennslu, menntunar og umönnunar eða störf þar sem rannsóknir eru nýttar við stefnumótun og stjórnun í skólakerfinu sem og annars staðar í atvinnulífinu.

Grunnnám við deildina

- » Menntunarfræði
- » Alþjóðlegt nám í menntunarfræði (International Studies in Education)
- » Uppeldis- og menntunarfræði

Framhaldsnám við deildina

- » Menntastjórnun og matsfræði
- » Matsfræði
- » Leiðtogar, nýsköpun og stjórnun
- » Stjórnunarfræði menntastofnana
- » Menntunarfræði
- » Alþjóðlegt nám í menntunarfræði (International Studies in Education)
- » Fjölmening
- » Fræðslustarf með fullorðnum/mannauðspróun
- » Heimspæki og félagsfræði menntunar
- » Lífsleikni og jafnrétti
- » Sérskipulagt MA-nám
- » Sérkennslufræði
- » Uppeldis- og menntasálfræði
- » Áhættuhegðun, forvarnir og lífssýn
- » Sérskipulagt MA-nám
- » Þroski, mál og læsi





- » Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild
- » Jarðvísindadeild
- » Líf- og umhverfisvísindadeild
- » Rafmagns- og tölvuverkfræðideild
- » Raunvísindadeild
- » Umhverfis- og byggingarverkfræðideild

Sívaðandi eftirspurn

Eftirspurn eftir fólki með menntun á sviði verkfræði- og náttúruvísinda er mikil á öllum sviðum þjóðlífsins. Þess vegna felast margvísleg tækifæri í því að stunda nám við sviðið. Sá fræðilegi bakgrunnur og þau öguðu vinnubrögð sem nemendur útskrifaðir frá Verkfræði- og náttúruvísindasviði hafa tamið sér nýttast þeim vel þegar út í atvinnulífið er komið.

Rannsóknir á heimsmaelikvarða

Við sviðið eru stundaðar rannsóknir á heimsmaelikvarða og nemendur eru hvattir til nýsköpunar og frumkvæðis. Náin tengsl eru á milli rannsókna og kennslu og þau aukast sífellt eftir því sem lengra líður á námið. Nemandinn lærir ekki eingöngu að afla sér þekkingar heldur einnig að viðhalda henni og skapa nýja þekkingu. Á ári hverju verða til ný sprotafyrirtæki við Háskóla Íslands og mörg þeirra eiga rætur að rekja til Verkfræði- og náttúruvísindasviðs.

Rannsóknastofnanir tengdar Verkfræði- og náttúruvísindasviði

- » Lífeðlisfræðistofnun
- » Líffræðistofnun HÍ
- » Norræna eldfjallasetrið
- » Raunvísindastofnun HÍ skiptist í tvær undirstofnanir:
 - » Eðlis-, efna- og stærðfræðistofnun
 - » Jarðvísindastofnun
- » Verkfræðistofnun

verkognatt.hi.is

Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild

Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild HÍ er fremst á sínu sviði hér á landi og býður upp á metnaðarfullt og fjölbreytt nám. Öflug rannsóknarvirkni og sterk tengsl við atvinnulífið tryggja að verkefni sem nemendur glíma við eru raunhæf og byggjast á nýjustu þekkingu. Í öllu námi deildarinnar er áhersla lögð á nýsköpun og nemendur hvattir til að huga að samhengi verkfræði- og tölvutækni við umhverfi, markað og samfélag. Alþjóðleg tengsl deildarinnar eru sterk og byggjast á áratuga samstarfi um rannsóknir og kennslu við virta erlenda háskóla.

Fjölbreyttur starfsvettvangur


Að námi loknu hafa nemendur í iðnaðar- og vélaverkfræði haldgóða þekkingu á hvers konar flóknum útreikningum, hönnun burðarvirkja og vélbúnaðar, orkunotkun og nýtingu hennar, fjárfestingar- og arðsemisútreikningum, gæðastjórnun, sjálfvirkum stýrikerfum og ýmsum tölfræðilegum aðferðum, auk stjórnunar fyrirtækja og verkefna. Brautskráðir nemendur í tölvunarfræði og hugbúnaðarverkfræði frá HÍ hafa yfirburðaskilning á hugbúnaðarþróun og tölvutækni og breiða, góða grunnþekkingu sem auðvelt er að byggja ofan á. Þeir búa yfir haldgóðri þekkingu á forritun, greiningu þarfa fyrir upplýsingatækni, hönnun, prófunum, verkefnastjórnun, gæðastjórnun og gerð margvíslegra líkana.

Framhaldsnám við deildina

- » Eðlisverkfræði
- » Fjármálaverkfræði
- » Hugbúnaðarverkfræði
- » Iðnaðarverkfræði
- » Matvælaverkfræði
- » Reikniverkfræði
- » Tölvunarfræði
- » Vélaverkfræði

Grunnnám við deildina

- » Efnaverkfræði
- » Hugbúnaðarverkfræði
- » Iðnaðarverkfræði
- » Tölvunarfræði
- » Vélaverkfræði
- » Véla- og iðnaðarverkfræði



Jarðvísindadeild

Jarðvísindi eru mjög öflug fræðigrein við Háskóla Íslands og spanna vítt svið sem nær allt frá jöklajarðfræði til eldfjallafræði, jarðskjálftum til jarðhita og frá steingervingafræði til haffræði. Verklegt nám í tilraunastofum, námsferðir og útvinnu eru mikilvægir þættir í náminu og innan ramma grunnnámsins er töluvert valfrelsi. Að loknu grunnnámi er boðið upp á framhaldsnám sem miðar að sérhæfingu á mismunandi sviðum jarðvísinda.

Jarðvísindadeild í fararbroddi

Jarðvísindi eru í mikilli sókn jafnt heima fyrir sem erlendis. Nægir að minna á mikilvægi jarðfræðirannsókna við nýtingu jarðhita og beislun fallorku, vöktun eldstöðva og nýtingu jarðhita, olíuleit og umhverfisrannsóknir. Nemendur frá Jarðvísindadeild Háskóla Íslands eru eftirsóttir á vinnumarkaði bæði heima og erlendis. Jarðvísindadeild hefur þá sérstöðu innan Háskóla Íslands að á hverju ári koma tugir erlendra nemenda hingað til lands að stunda nám við deildina, bæði í grunnnámi og framhaldsnámi. Nemendahópurinn er því mjög alþjóðlegur.

Nám við deildina

Jarðeðlisfræði og jarðfræði eru kenndar í grunn- og framhaldsnámi.

Líf- og umhverfisvísindadeild

Líf- og umhverfisvísindadeild býður upp á nám í líffræði, landfræði og ferðamálafræði. Líffræði fjallar um lífverur, hvernig þær starfa, þróast og eiga samskipti við umhverfi sitt. Reynslan sýnir að líffræðingar stunda margvísleg störf. Landfræði fjallar um ýmsar hliðar náttúru og manlegs samfélags, en þó umfram allt sambúð fólks og náttúru. Námið er afar fjölbreytt og felst meðal annars í vettvangsnámi og verklegu námi. Landfræðingar starfa meðal annars að skipulagsmálum, við náttúru- og umhverfisrannsóknir, náttúruvernd, kortagerð og meðferð landupplýsinga, byggða- og atvinnuþróun og þróunarsamvinnu, svo fátt eitt sé talið.

Lífandi kennsla

Ferðamálafræði fjallar um orsakir og eðli ferðalaga sem og áhrif ferðamennsku á umhverfi og samfélag. Námið tengir saman ýmis fræðasvið, þar á meðal náttúru- og umhverfisfræði, skipulagsfræði, viðskiptafræði og menningarfræði. Kennsluáðferðir eru fjölbreyttar og kennslan lífandi í þessari ört vaxandi grein. Ferðamálafræðingar frá Háskóla Íslands starfa m.a. hjá ýmsum fyrirtækjum í ferðaþjónustu og hjá opinberum aðilum.

Nám við deildina

Ferðamálafræði, landfræði og líffræði eru kenndar í grunn- og framhaldsnámi.



Rafmagns- og tölvuverkfræðideild

Rafmagns- og tölvuverkfræðideild HÍ er í fararbroddi í rannsóknum og kennslu í rafmagnsverkfræði og tölvuverkfræði hér á landi. Margir fastráðinna kennara eru í fremstu röð í sínum fræðum í alþjóðlegu vísindasamfélagi. Nám í deildinni er fjölbreytt, skemmtilegt og sérstaklega hagnýtt. Megináhersla er lögð á að undirbúa nemendur til virkrar þátttöku í nýsköpun og framförum, m.a. á sviði tölvutækni, rafeindatækni, fjarskiptatækni og raforkutækni. Það er gert með traustum fræðilegum grunni í bland við nýjustu þekkingu í nánu samstarfi við íslenskt atvinnulíf og alþjóðlegt samstarf.

Námið nýtist vel

Gríðarleg eftirspurn er eftir rafmagns- og tölvuverkfræðimenntuðu fólki á vinnumarkaði héraðs og erlendis. Nemendur eru eftirsóttir starfskraftar og hafa náð frábærum árangri í framhaldsnámi við bestu verkfræðiskóla heims. Þjálfun í að greina viðfangsefni og velja aðferðir til úrlausnar gerir rafmagns- og tölvuverkfræðinga einnig eftirsóttá til margvíslegra annarra starfa en hefðbundinna verkfræðistarfa.

Grunnnám við deildina

- » Rafmagns- og tölvuverkfræði

Framhaldsnám við deildina

- » Rafmagns- og tölvuverkfræði
- » Rafmagnsverkfræði
- » Tölvuverkfræði

Raunvísindadeild

Háskóli Íslands er eini háskóli landsins sem býður upp á nám í raunvísindum. Það er hlutverk Raunvísindadeildar að mennta stúdenta til fjölbreyttra starfa sem byggjast á þekkingu í raunvísindum og nútímatækni af ýmsum toga. Í náminu er blandað saman fræðilegri undirstöðu og verklegu námi. Námsleiðir í Raunvísindadeild eru stærðfræði, eðlisfræði og efnafræði.

Spennandi nám

Stærðfræðinám við Háskóla Íslands býður upp á marga spennandi möguleika og er góð undirstaða fyrir áframhaldandi nám en jafnframt eru stærðfræðingar eftirsóttir á vinnumarkaði. Eðlisfræðin fjallar um eðli, gerð og hegðun efnisheimsins, allt frá smæstu öreindum til stærstu vetrarbrauta og alheimsins í heild. Efnafræði fjallar um byggingu og eiginleika efnisins, sameindir, kristalla, vökva og lofttegundir og einnig um efnahvörf og aðrar umbreytingar efnis.

Nám við deildina

Eðlisfræði, efnafræði, lífefnafræði og stærðfræði eru kenndar í grunn- og framhaldsnámi.





Umhverfis- og byggingarverkfræðideild

Umhverfis- og byggingarverkfræðideild HÍ er leiðandi aflu í uppbyggingu í umhverfismálum og byggingarverkfræði hér á landi. Námið spannar fjölda fagsviða sem eru mikilvæg fyrir uppbyggingu og rekstur nútímapjóðfélaga. Má þar nefna mannvirkjahönnun, umhverfisverkfræði, vatna- og straumfræði, skipulag og samgöngur, jarðtækni og grundun. Sterk tengsl kennara við atvinnulífið og alþjóðlegt fræðaumhverfi tryggja að námsefnið og verkefni sem nemendur vinna eru raunhæf og byggjast á nýjustu þekkingu.

Eftirsóttir starfskraftar

Nemendur sem útskrifast frá deildinni hafa trausta, yfirgripsmikla og viðurkennda fagþekkingu í verkfræði sem þeir beita af sjálföruggi og metnaði við lausn krefjandi verkefna í nútímapjóðfélagi. Áralöng reynsla er fyrir því að nemendur með próf í umhverfis- og byggingarverkfræði frá Háskóla Íslands hafi staðið sig afburðavel í framhaldsnámi við bestu verkfræðiskóla heims. Nemendur eru viðurkenndir á atvinnumarkaði og eftirsóttir starfskraftar í fjölbreytt og ábyrgðarmikil störf í þjóðfélaginu.

Grunnnám við deildina

- » Umhverfis- og byggingarverkfræði

Framhaldsnám við deildina

- » Byggingarverkfræði
- » Umhverfisverkfræði

Meistaránám í verkefnastjórnun – MPM

MPM (Master of Project Management) er hagnýtt stjórnunarnám á meistarastigi sem heyrir undir Verkfræði- og náttúruvísindasviði. Námið er sniðið að síauknum kröfum samfélags og athafnalífs um árangur í verkefnum og eftirspurn eftir fagmenntuðum verkefnastjórum. Rík áhersla er lögð á þátttöku nemenda. Þekkingu og færni er miðlað með kröftugum fyrirlestrum, markvissum verklegum æfingum og í hópvinnu þar sem unnið er með raunveruleg viðfangsefni sem oft eru sótt í starfsumhverfi nemenda. Kennarar námsins eru margir leiðandi og framsæknustu fræðimenn á sviðinu á heimsvísu. Nemendur hljóta alþjóðlega vottun í verkefnastjórnun sem gefin er út af Verkefnastjórnunarfélagi Íslands í umboði alþjóðasamtaka verkefnastjórnunarfélaga (IPMA).

Samspil mannglegra og tæknilegra þátta

Hagnýtustu þættir MPM-námsins að mati nemenda eru meðal annars samspil milli mannglegra þátta og framvindu verkefna. Í náminu kynnast þeir fjölmörgum hagnýtum verkfærum til verkefnastjórnunar og auka þekkingu sína á sjálfstjórn, samskiptum og samningatækni. Áhersla er lögð á að efla leiðtogahæfni, mannleg samskipti og fagleg vinnubrögð.

Við skólann eru skipulagðar fjórar þverfræðilegar námsleiðir á framhaldsstigi og þeim fjölgar stöðugt.

- » Lýðheilsuvísindi
- » Norrænt meistaranám í öldrunarfræðum
- » Umhverfis- og auðlindafræði
- » Upplýsingatækni á heilbrigðissviði

Háskóli Íslands hefur þá sérstöðu meðal héraðra háskóla að bjóða upp á afar fjölbreytt nám og það gerir stúdentum kleift að blanda saman greinum af ólíkum fræðasviðum og öðlast þannig menntun sem er einstök. Eftirspurn eftir fólki með fjölbreytta menntun eykst sífellt og Háskóli Íslands hefur brugðist við þeirri þróun með því að auðvelda nemendum að stunda nám í fleiri en einni námsgrein og með því að bjóða þverfræðilegt nám af ýmsu tagi.

Lýðheilsuvísindi

Lýðheilsuvísindi er þverfræðilegt meistara- og doktorsnám sem veitir fræðilega menntun á sviðum rannsókna á heilsufari fólks ásamt stefnumótun forvarna og almennrar heilsueflingar sem byggist á slíkum rannsóknum. Breidd Háskóla Íslands gerir nemendum kleift að velja úr miklum fjölda valnámskeiða og móta þannig námið í átt að sínu áhugasviði. Megináhersla námsins er á rannsóknar- og forvarnaraðferðir og er það góður undirbúningur fyrir fólk með fjölbreyttan fræða- og/eða starfsbakgrunn sem ætlar sér leiðtogahlutverk á hinum mörgu sviðum heilbrigðismála.

Innlent og erlent samstarf

Námið og rannsóknirnar eru skipulagðar í samvinnu við öll fræðasvið Háskóla Íslands, virtar erlendar menntastofnanir (t.d. Harvardháskóla, Karolinska Institutet, NHV) og helstu innlendar rannsóknastofnanir (t.d. Landlæknisembættið, Hjartavernd, Krabbameinsfélag Íslands, Lýðheilsustöð) á sviðum lýðheilsuvísinda. Nemendur hafa kost á að stunda hluta náms síns við eða undir leiðsögn kennara og sérfræðinga þessara stofnana og útfæra rannsóknir sínar þar eða á eigin vinnustöðum.

Norrænt meistaranám í öldrunarfræðum

Þverfræðilegt meistaranám í öldrunarfræðum er skipulagt sameiginlega af Háskóla Íslands, Háskólanum í Lundi í Svíþjóð og Háskólanum í Jyväskylä í Finnlandi. Í Háskóla Íslands er námið innan Félagsráðgjafardeildar, í Háskólanum í Lundi innan læknisfræðideildar og í Háskólanum í Jyväskylä innan íþróttá- og heilbrigðisvísindadeildar. Nemendur þurfa að taka a.m.k. 30 einingar við annan hvorn samstarfsskólann.

Norrænt samstarf um rannsóknir

Markmið með náminu er að dýpka þekkingu þátttakenda um málefni aldraðra með það að leiðarljósi að kynna þeim svið öldrunarfræða, kenningar og vinnuaðferðir og gera þá hæfari til að vinna með öðrum starfsstéttum að velferðarmálum aldraðra. Námið er opið fyrir 15 nemendur á ári sem hafa lokið BS- eða BA-prófi á heilbrigðis- eða félagsvísindasviði og getur hver skóli tekið inn fimm nemendur. Kennnt er í fjarnámi og staðlotum og fer kennslan fram á ensku.





Umhverfis- og auðlindafræði

Meistaránám í umhverfis- og auðlindafræðum er tveggja ára þverfræðilegt nám sem veitir fræðilega menntun á sviðum sem tengjast umhverfismálum og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda. Námið er ætlað hverjum þeim sem hefur lokið BS- eða BA-prófi og vill breikka og dýpka þekkingu sína og skilning á umhverfismálum og sjálfbærri nýtingu auðlinda.

Samstarf fræðasviða

Að náminu standa Félagsvísindasvið, Hugvísindasvið, Verkfræði- og náttúruvísindasvið, og samtals koma tólf deildir frá þessum sviðum að málum. Að námi loknu bíður fjölbreyttur starfsvettvangur, svo sem í ráðgjöf á sviði umhverfis- og orkumála, hjá fyrirtækjum með virka umhverfisstefnu, í stjórnýslu á sveitarstjórnarsviði og landsvísu, við rannsóknir hjá opinberum stofnunum eða einkaaðilum og við kennslu.

Upplýsingatækni á heilbrigðissviði

Nám í upplýsingatækni í heilbrigðisvísindum er tveggja ára þverfaglegt, rannsóknatengt nám á meistarastigi. Námið er skipulagt sameiginlega af þeim háskóladeildum sem aðild eiga að náminu, en það eru deildir á Félagsvísindasviði, Heilbrigðisvísindasviði og Verkfræði- og náttúruvísindasviði. Einnig á Landspítali aðild að náminu.

Komið til móts við þarfir samfélagsins

Markmið námsins er að koma til móts við þarfir samfélagsins um rannsóknir, þróun, þjónustu og stefnumótun sem tengist skráningu, meðhöndlun og vinnslu gagna á sviði heilbrigðismála. Nemendur sem útskrifast úr náminu hafa öðlast þverfaglega, hagnýta og fræðilega menntun til starfa á ýmsum sviðum er snerta upplýsingatækni á heilbrigðissviði.



Saga Háskóla Íslands

Háskóli Íslands var stofnaður 17. júní árið 1911, á aldarafmæli Jóns Sigurðssonar forseta og fyrstu 29 árin var hann til húsa í Alþingishúsinu við Austurvöll. Árið 1940 flutti Háskóli Íslands í Aðalbygginguna við Suðurgötu.

Þegar Háskóli Íslands var stofnaður voru Prestaskólinn, Læknaskólinn og Lagaskólinn sameinaðir og mynduðu þeir hver sína deild skólans en auk þess var heimspekideild sett á laggirnar. Síðar bættust fleiri deildir við og eru nú innan skólans fimm fræðasvið og 25 deildir.

Við stofnun Háskólans voru nemendur 45 talsins og þar af ein kona. Í upphafi ársins 2009 eru nemendur 13.650. Háskóli Íslands hefur brautskráð yfir 35 þúsund nemendur, sérfræðinga og stjórnendur, sem hafa tekið virkan þátt í uppbyggingu íslensks atvinnulífs.


Aðalbygging Háskóla Íslands er í margra augum tákni skólans og er hún meðal þekktustu bygginga höfuðborgarinnar. Einn fremsti arkitekt Íslendinga, Guðjón Samúelsson, hannaði þessa merku byggingu. Hann var árum saman húsameistari ríkisins og eftir hann standa margar af fegurstu byggingum borgarinnar, m.a. Þjóðleikhúsið, Sundhöll Reykjavíkur, Kristskirkja í Landakoti, aðalbygging Landspítalans og Hótel Borg. Guðjón hannaði auk þess fjölda annarra bygginga um land allt.

Staðreyndir um Háskóla Íslands

Heildarfjöldi nemenda	13.650
Fjöldi nemenda í grunnnámi	10.368
Fjöldi nemenda í framhaldsnámi	3.282
Fjöldi erlendra stúdenta	1.029
Brautskráðir nemendur árið 2008	2.395
Fjöldi fastráðinna kennara	633

Miðað við 20. janúar 2009

Kort af Háskólasvæðinu



Reykjavík, febrúar 2009
Útgefandi: Markaðs- og samskiptasvið HÍ
Prentun: Prentheimar

Ljósmyndir:
Kristinn Ingvarsson
Gunnar Sverrisson
Bjarni Grímsson
Birgir Ísleifur Gunnarsson o.fl.



HÁSKÓLI ÍSLANDS